



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 –10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2003

**Efni: Umsögn um “Tillögu til þingsályktunar um nýtingu innlands trjáviðar.”**

Borist hefur tillaga til þingsályktunar um nýtingu innlands trjáviðar, þskj. 154 – 154 mál.

Hef skoðað umrædda þingsályktunartillögu og tel hana mjög athyglisverða og tek undir efni hennar.

Jafnframt skal bent á hvort tengja megi efni þingsályktunartillögunnar því, að koma á samvinnu skógræktar og rekabænda.

Rekabændur hafa vélvæðst á síðari árum og lagt aukna áherslu á úrvinnslu rekaviðar í verðmæta timburvöru. Einnig nýta þeir mor og annan afgangsvið með fjölbreytilegum hætti. Allmargir þeirra eiga stórvirkar sögunarvélar sem ekki eru fullnýttar. Einn þáttur í samvinnu skógræktar og rekabænda gæti verið sá að skógræktin nýtti sér véltækni rekabænda við úrvinnslu trjáviðar?

Virðingarfyllst,

Árni Snæbjörnsson,  
hlunnindaráðunautur BÍ